

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Vatnsendahvarf ofan Vatnsendavegar, Kópavogi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2004 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á 6 ha opnu svæði til sérstakra nota í Vatnsendahvarfi ofan Vatnsendavegar breytist í byggðarreit fyrir blandaða byggð til 2024. Einnig breytist texti í greinargerð svæðisskipulagsins sem kemur fram í töflu nr. 3.2 á svæði nr. 16 (Kópavogur austur) en þar er gert ráð fyrir að stærð atvinnuhúsnæðis til 2024 fari úr 175.000 m² í 199.000 m² í lok skipulagstímabilsins eða stækkun um 24.000 m².

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2007